

100. fundur

Reykjavík 18. desember 2020

1605034SA

Málalykill: 16.33

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 18. desember 2020 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi frá 2020 til 2023.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smárason.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Grein 1.5.1 um yfirvinnu

Grein 1.5.1 breytist með viðbættum skýringakassa og hljóði svo.

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við það launaprep, sem viðkomandi starfsmaður tekur laun eftir.

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og stefnt er að innleiðingu á fylgiskjali 3 fyrir vaktavinnufólk þann 1. maí 2022. Sjá nánar fylgiskjal 2 og 3.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.

2. Grein 2.1.1 um vinnuviku

Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist og hljóði svo:

- 2.1.1 Vinnuvika starfsmanna í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Heimilt er að semja við starfsmann um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.
- 2.1.1 Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. fylgiskjal 2 og fylgiskjal 3 sem fjallar um vinnutíma vaktavinnufólks.

Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks á viðkomandi sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar má aðlaga vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks og stytta vinnuvikuna um allt að 4 stundir á viku. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Sjá nánar í fylgiskjali 2.

3. Grein 10.2.2. um persónuálag

Samkvæmt bókun 7 [2016] fær slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamaður 8% persónuálag eftir 15 ára starf frá og með 1. apríl 2019

Grein 10.2.2 um persónuálag vegna símenntunar breytist og hljóði svo.

- 10.2.2 Persónuálag vegna símenntunar.

Með vísan til greinar 10.2.1.1 skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2% eftir 1 árs starf sem slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamaður.
- Samtals 4% eftir 5 ára starf sem slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamaður.
- Samtals 6% eftir 9 ára starf sem slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamaður.
- Samtals 8% eftir 15 ára starf sem slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamaður.

Við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafist starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð). Hækkun vegna starfstíma kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.

Telst hálfur mánuður og stærri brot úr mánuði sem heill mánuður. Öðrum dögum skal sleppt.

Persónulag eftir 15 ára starf gildir frá 1. apríl 2019.

4. Grein 14.4.6 um greiðslur í sjóði

Aðilar eru sammála um að bæta félagsmannasjóði í upptalningu sjóða í grein 14.4.6.

Grein 14.4.6 breytist og hljóði svo:

- 14.4.6 Greiða skal í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð og tryggingasjóð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og félagsmannasjóð með sama hætti og gert er vegna fastra starfsmanna slökkviliða skv. kjarasamningi aðila. Hið sama gildir um félagsgjöld.

5. Eldri bókanir

Aðilar erum sammála um að eftirfarandi eldri bókanir falli úr gildi:

Bókanir aðila frá árinu 2016:

Bókun 1 [2016]: Endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamninga, Bókun 2 [2016]: Endurskoðun á veikindakafla kjarasamninga, Bókun 3 [2016]: Um launaupplýsingar, Bókun 4 [2016]: Bókun 5 [2016]: Endurskoðun tryggingakafla, Bókun 7 [2016]: Frá og með 1. apríl 2019 hljóðar grein 10.2.2. svo.

Bókanir aðila frá árinu 2014:

Bókun 1 [2014]: Um endurskoðun vinnulags og verkferla starfsmatsins, Bókun 2 [2014]: Um endurskoðun á starfsmatsniðurstöðum, Bókun 4 [2014].

Bókanir aðila frá árinu 2011:

Bókun 1 [2011]: Um starfsmat, Bókun 2 [2011], Bókun 3 [2011], Bókun 4 [2011]

Bókun 5 [2011], Bókun 6 [2011], Bókun 7 [2011], Bókun 8 [2011], Bókun 9 [2011], Bókun 11 [2011]

Bókanir aðila frá árinu 2010:

Bókun I [2010]

Bókanir aðila frá árinu 2006:

Bókun III [2006], Bókun VIII [2006]

Fleira ekki gert og fundið slitið.